

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 2. áfanga. Sómatún 4, 6 og 8 skilmálar fyrir húsagerð HIII.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 22. maí 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að lóðirnar Sómatún 4, 6 og 8 sem eru í gildandi deiliskipulagi húsagerð HI, verða 1-2 hæðir af húsgerð HIII.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 21. júní 2007,*

**Pétur Bolli Jóhannesson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2007